

Fundur 16.9.2024 Jörg Haider Frá Austurríki.

Góða kvöldið, sæl verið þið öll sömul, og heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Er það langt síðan ég talaði til ykkar og fagna ég því mjög að mér gefist aftur kostur á því að tala til gömlu jarðarinnar til sambandsfundar þar sem andatrú er ekki efst í huga allra sitjaranna heldur skilja þeir að við sem erum framliðin erum efniskennt fólk á annarri jörð rétt eins og þið sjálf.

Þótti mér mikið til um er ég komst í sambandið við ykkur og var ég svo sérlega hrifinn af því hvernig ég fékk nýjan líkama á nýrri jörð og hafði ég frá ýmsu að segja.

Hef ég hér orðið mikillar og góðrar orku að njótandi í framlífi og er ég að vonast til þess að þið megið njóta þeirrar orku og að ég geti komið í gegn nokkrum fróðleiksmolum úr lífi mínu.

Finnst mér langt síðan ég talaði til ykkar fyrst, en er það ekki svo mjög langt, en sumir segja að tíminn líði öðruvísi hjá okkur en ykkur.

Og er kannski eitthvað til í því, en margt hefur á daga mína drifið og var ég brottkvaddur af þeirri jarðstjörnu sem ég talaði til ykkar frá, og yfir á aðra og betri jörð, sem ég er staddur á núna, og urðu þar mikil og merkileg tíðindi, og hefur mig mikið langað að ná sambandi við ykkur aftur, en samstillingin hefur ekki verið upp á það besta og einhvers konar örðugleikar verið á því sambandi, en vona ég að mér sé það fært að útskýra mál mitt hér í kvöld og segja nafn mitt.

Ég er ekki maður frá Íslandi, en voru það miklar breytingar sem urðu um það leiti sem ég fór af frumlífs jörð minni sem er ykkar jörð sem þið lifið á, og yfir á fyrsta framlífs hnött minn.

Komst ég þar í kynni við fólk sem mér var sammála og samhuga og á skömmum tíma urðu þar miklar breytingar sem stuðluðu að atvikum sem ekki varð séð fyrir endann á, á þeirri framlífs jörð og leiddi það til atvika sem var okkur sumum kennt um þá atburðarrás sem höfðum verið frumkvöðlar að henni á þeim tíma og ekki var unnt að ná sambandi við mig, nokkuð lengi.

Og er það nokkuð fjölmennur hópur, en get ég nefnt einn mann sem var þar mjög öflugur og skipulagði þetta ásamt mér og mörgum öðrum og hef ég reynt að koma honum til hjálpar eins og aðrir, nafn hans er Bobby Fisher, Bobby Fisher.

*Já já.*

Hef ég talað til ykkar einu sinni, en

*Ert þú frá Austurríki ?*

Já, Jörg Haider heiti ég.

*Já ég man eftir því.*

Já, það er orðið langt síðan.

*Já já.*

Bið ég að, það var góður maður í ykkar hópi sem sagði til mín hlýleg orð og um mitt heimaland, um fjöllin okkar og skíðasvæðin og sagðist hann hafa verið þar, Halldór, hef ég talað við hann á sambandsfundum, er nú farinn á aðra, er ekki lengur hjá ykkur, er það ekki rétt ?

*Já Halldór Bernódusson.*

*Já.*

*Frá Bolungavík.*

Já hann skyldi mitt sjónarhorn, en það var annar sem gerði það ekki og þótti mér það miður, en það var nú ekki þess vegna að ég gat ekki komið.

En hér er mjög gott ástand og erum við friðsöm en þurfum að gæta að loftskipa umferð og eftirliti, geimeftirliti og það er stór, mikil starfsgrein á okkar hnetti, en höfum við farið vel með náttúruna og reynum við að halda orkunni góðri og jákvæðri.

Eru hér margir starfandi við flugher og einnig við geimskipa flota sem, já það eru margar stjórnusambandsstöðvar hér, reyndum við að ná sambandi við Fisher, en er hann á þannig stað að það mun taka einhvern tíma að ná honum þaðan, en eru það mjög merkilegar fréttir og erum við í samskiptum við marga aðra hnetti og mannkyn og fylgjumst við náði með þróuninni á ykkar jörð og vonum að þar verði lífstefnu þróun og reynum að sjá til þess.

Hef ég hér á nýjum hnetti unnið bug á áfengisfíkn minni og lífi ég hér betra lífi og sakna ég þó fjölskyldunnar mjög.

En varð ég var við mikla orku frá ykkur hnetti þegar ég hafði fyrst samband við ykkur og fannst mér það mjög merkilegt að fyrsti jarðarþúinn sem uppgötvaði þessi sannindi hafi verið Íslendingur.

Hef ég margt annað við ykkur að segja en finn ég orkuna dvína, þakka ég fyrir mig og vona að ég komist síðar, vona ég að ykkur gangi sem best og er ég einnig stuðningsmaður þess að Bobby Fisher komist á betri framlífs jörð og mun ég stuðla að því eins og aðrir hér, þakka ég fyrir og verið þið blessuð og sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna. Blessaður.*